

fyrir hönd Jóns Bjarnasonar 30 krónur í málskostnað fyrir yfirdómi.

Dóminum ber að fullnægja áður en liðnar séu 8 vikur frá löglegri birtingu hans að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 4. marzmán. 1918.

Nr. 3/1918.

Réttvisin

gegn

Hávarði Halldórssyni.

D ó m u r :

Með aukaréttardómi Ísafjarðarsýslu uppkveðnum 22. nóv. f. á., var hinn ákærði, unglingspiltur Hávarður Halldórsson, dæmdur fyrir þjófnað á peningum samkvæmt 230. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869 til að sæta 5 daga fangelsisrefsingu við vatn og brauð og til að greiða iðgjöld Sveini Jónssyni 45 kr. svo og til að greiða allan sakarkostnaðinn, þar með taldar 15 kr. sem málsvarnarlaun til verjanda ákærða í héraði, yfirdómsmálaflutningsmanns Sigurðar Sigurðssonar.

Dómi þessum hefir verið skotið til yfirdómsins eftir ósk hins ákærða.

Það er sannað með eiginni játningu ákærða og öðrum skýrslum, sem fengnar hafa verið í málinu, að ákærði hefir gjört sig sekan í stuldum þeim, er

nú skal greina. Laugardaginn 23. júní f. á. fór hann inn í verbúð Sveins nokkurs Jónssonar í Bolungarvík, tók koffortslykla undan kotta í rúmi búðarráðskonunnar, og opnaði með þeim koffort Sveins þar í búðinni. Ákærði hafði verið háseti hjá Sveini á vertíðinni og hafði því umgang um búðina. Sveinn tjaist hafa átt 160 kr. í peningum í áminstu kofforti. Ákærði hefir kannast við, að hann hafi tekið 70 kr. af þessum peningum úr koffortinu og kemur það heim við það, sem Sveinn segist hafa mist. Af þessum 70 kr., sem ákærði þannig stal, hefir hann endurborgað Sveini 25 kr. og gerir Sveinn fyrir því kröfu til endurgjalds á 45 kr. — Haustið 1916 réri ákærði í Ögurnesinu. Einn morgun var hann sendur inn að Ögri, og tók þá eftir því að bátarnir á Óbótatanga voru á sjó, hugði fyrir því að verbúðin þar væri mannlau, fór inn í búðina og upp á loftið og sá að lykill stóð þar í kofforti; fór hann í koffortið og tók 50 kr. seðil úr veski, er í því var. En skömmu síðar sama dag náði eigandinn í ákærða, bar upp á hann þjófnaðinn, og er hann hótaði ákærða að láta hreppstjóra skerast í málið, meðgekk ákærði stuldinn og skilaði eiganda aftur 50 króna seðlinum. — Þá hefir ákærði kannast við, að hann fyrir »hérumbil 3 árum«, miðað við 30. dag júnímánaðar í fyrra, hafi stolið peningum 3 kr. og 70 aurum frá Guðrúnu Kristjánsdóttur; tók hann peningana úr buddu, er var í pilsvasa Guðrúnar, en pilsíð hafði verið hengt út í hjall til viðrunar. Hreppstjóri komst í málið og fékk ákærða til að meðganga stuldinn, en faðir ákærða endurborgaði Guðrúnu peningana. Hreppstjóri ber

það fyrir rétti 16. okt. f. á., að þetta muni hafa verið fyrir »3—4 árum«, en 30. okt. f. á. ber Guðrún Kristjánsdóttir sjálf fyrir rétti, að hana minni helzt að það sé ekki minna en 5 ár síðan að ákærði stal þessum peningum, og hún fullyrðir að hann hafi þá áreiðanlega verið ófermdur. Þar sem nú ákærði er fæddur 6. júní 1899, verður það eigi talið fullsannað, að hann hafi framið þennan stuld, eftir að hann var orðinn 14 ára að aldri, og verður hann þá eigi dæmdur fyrir hann í þessu máli, enda hefir héraðsdómariinn eigi tekið hann til greina.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna; var hann 18 ára er hann framdi fyrst-talda þjófnaðinn, en 17 ára er hann stal peningunum úr búðinni á Óbótatanga; hann hefir eigi áður sætt hegningu eða verið dæmdur fyrir glæp. Framantalín afbrot hans dæmast eftir 230. gr. hegningarlaganna, og þykir refsingin, að nokkru leyti með hliðsjón af 38. gr. sömu laga, hæfilega ákvæðin fangelsi við vatn og brauð í 2×5 daga, en með tilliti til æsku hins ákærða og þess, að uppeldi hans virðist hafa verið vanhirt, þykir eiga að kveða svo á, að fresta skuli refsingunni og hún falla niður að fullu og öllu, svo framarlega sem ákærði á næstu 5 árum eftir uppsögn dóms þessa eigi sætir ákæru í opinberu máli fyrir glæp drýgðan af ásettu ráði og sé í því máli dæmdur til þyngri refsingar en sekta og svo framarlega sem hann greiðir iðgjöld þau, sem dæmd eru í málinu, áður en fullnægingarfræstur dómsins er liðinn, sbr. lög nr. 39, 16. nóv. 1907. Ákvæði aukaréttardómsins um iðgjöld og málskostnað skulu vera órösk-

uð, þó svo að málsvarnarlaun í héraði ákveðast 10 kr. Ákærði verður og að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málfutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, er ákveðast 15 kr. fyrir hvorn þeirra.

Það vottast að rekstur málsins í héraði hefir verið vitalaus og málfærslan við yfirdóminn lögmat.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði Hávarður Halldórsson sæti fangelsi við vatn og brauð í 2×5 daga, en fullnægjugjörð refsingarinnar skal fresta, og fellur refsingin niður að fullu og öllu, svo framarlega ákærði eigi innan 5 ára frá uppsögn dóms þessa sætir ákæru í opinberu máli fyrir glæp drýgðan af ásettu ráði, og sé í því máli dæmdur til þyngri hegningar en sekta, og svo framarlega ákærði greiðir iðgjöld þau, sem dæmd eru í málinu, áður en fullnægingarfrestur dóms þessa er liðinn. Um iðgjöld og málskostnað skal aukaréttardómurinn vera óraskaður, þó svo að varnarlaun skipaðs verjanda fyrir aukaréttinum, yfirdómsmálfutningsmanns Sigurðar Sigurðssonar, skulu vera 10 kr. Ákærði greiði og allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málfutningslaun til skipaðs sækjanda og skipaðs verjanda við yfir-

dóminn, yfirdómsmálflutningsmannanna Eggerts Claessen og Odds Gíslasonar, 15 kr. til hvors.

Dæmd iðgjöld greiðist innan 8 vikna eftir lögbirtingu dóms þessa og skal honum að öðru leyti fullnægt með laga-áðför.

Mánudaginn 11. marz 1918.

Nr. 82/1917.

Helgi Zoëga, Helgi Helgason
og Hannes Hafliðason fyrir
hönd hlutafélagsins »Borg«
gegn
Reinholdt Andersson.

D ó m u r :

Með leigusamningi, dags. 24. apríl 1911, leigði Reinholdt Andersson skraddarameistari í Reykjavík af umráðamanni húseignarinnar »Hotel Island« hér í bænum 3 herbergi í vesturhlið nefnds húss frá 1. okt. 1911 til 1. okt. 1916, er hann ætlaði að nota til verzlunar, en með því herbergi þessi höfðu áður verið notuð til íbúðar þurfti þar ýmsra breytinga við, svo hægt væri að nota þau til verzlunar. Átti stefndi að annast allar »innréttingar« sjálfur að undanteknum 2 stórum rúðum í glugga, sem snýr út að Aðalstræti og stækkun á einum glugga inn í portíð. Með framhaldssamningi, dags. 8. maí 1912, leigði stefndi ennfremur eitt herbergi inn að portinu í sambandi